

11. mars 2022
Tilv.: 2201211

Dreifibréf nr. 5/2022
til fjármálafyrirtækja og
Samtaka fjármálafyrirtækja

Efni: Viðmiðunarreglur EBA varðandi heimild til að undanskilja tiltekna stöður við útreikning á gjaldeyrisstöðu.

Evrópska bankaeftirlitsstofnunin (EBA) hefur gefið út viðmiðunarreglur (e. guidelines) varðandi heimild fjármálafyrirtækja til að undanskilja tiltekna stöður við útreikning á gjaldeyrisstöðu (EBA/GL/2020/09), sbr. 2. mgr. 352. gr. reglugerðar (ESB) nr. 575/2013 (CRR).¹ Viðmiðunarreglurnar tóku gildi 1. janúar 2022 og beinast að fjármálafyrirtækjum og eftirlitsstjórnvöldum. Viðmiðunarreglurnar eru aðgengilegar [hér](#).

Í 78. gr. e laga um fjármálafyrirtæki, nr. 161/2002, er fjallað um markaðsáhættu fjármálafyrirtækja. Þá er kveðið á um það í 56. gr. reglugerðar um varfærniskröfur vegna starfsemi fjármálafyrirtækja, nr. 233/2017, að fjármálafyrirtæki skuli reikna eiginfjárkröfur vegna markaðsáhættu í samræmi við 325.-377. gr. CRR. Í 352.-354. gr. CRR eru settar fram kröfur vegna eiginfjárgrunns að því er varðar gjaldmiðlaáhættu. Í 352. gr. CRR er fjallað nánar um útreikning á hreinni gjaldeyrisstöðu. Samkvæmt 2. mgr. sömu greinar geta eftirlitsstjórnvöld heimilað fjármálafyrirtækjum að undanskilja við útreikning á eiginfjárþörf vegna gjaldeyrisáhættu tiltekna stöður sem hafa verið teknar til að verja eiginfjárhlutfall fyrir neikvæðum áhrifum gengisbreytinga. Slíkar stöður verða þó að vera utan veltubókar eða kerfisbundnar í eðli sínu (e. structural) og beiting heimildarinnar er ófrávíkjanleg, þ.e. alltaf skal draga þær frá að fullu á meðan heimildin er í gildi.

Viðmiðunarreglunum er ætlað að samræma beitingu 2. mgr. 352. gr. CRR innan Evrópu. Í þeim eru sett fram viðmið við mat á því hvort skilyrði fyrir framangreindri undanþágu, sem sett eru fram í ákvæðinu, eru uppfyllt. Viðmiðunarreglunum er ætlað að styðja eftirlitsstjórnvöld við að meta hvort raunverulegur tilgangur stöðutöku sé að verja eiginfjárhlutfall og hvort stöðutaka uppfylli skilyrði ákvæðisins að öðru leyti. Matið byggir að mestu á því hvernig stöðutökunni er stýrt og hvernig ferlar styðja við stýringuna.

Samkvæmt 3. mgr. 16. gr. ESAs reglugerðanna, sem innleiddar voru með lögum um evrópskt eftirlitskerfi á fjármálamarkaði, nr. 24/2017, eiga lögbær yfirvöld og

¹ Guidelines on the treatment of structural FX under Article 352(2) of Regulation (EU) No 575/2013 (CRR).

eftirlitsskyldir aðilar að leita allra leiða til að fara að viðmiðunarreglum evrópsku eftirlitsstofnananna og almennum tilmælum. Tilgangur viðmiðunarreglnanna er að koma á samhæfðri, skilvirkri og árangursríkri eftirlitsframkvæmd innan evrópska fjármálakerfisins auk þess að tryggja sameiginlega, einsleita og samræmda beitingu á löggjöf innan EES.

Fjármálaeftirlit Seðlabanka Íslands (fjármálaeftirlitið) beinir því til fjármálaframtækja að kynna sér viðmiðunarreglur EBA/GL/2020/09 og taka mið af þeim í starfsemi sinni. Fjármálaeftirlitið mun styðjast við viðmiðunareglurnar í eftirlitsframkvæmd og við mat á því hvort kröfum samkvæmt þeim ákvæðum laga sem fjallað er um hér að framan er fullnægt.

Dreifibréf þetta mun birtast á vefsíðu Seðlabankans ásamt slóð á enska útgáfu viðmiðunarreglnanna.

Virðingarfyllst,

SEÐLABANKI ÍSLANDS

Fjármálaeftirlit

Elmar Ásbjörnsson
framkvæmdastjóri
bankar

Hjálmur Nordal
forstöðumaður
bankar

